



Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. **P** 135/1693
komudagur 6. 3. 2008

Reykjavík 5. mars 2008
Tilv. FLE 1-2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Eiríks Áka Eggertssonar, nefndarritara

**Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt, 325. mál,
breyting ýmissa laga.**


Með bréfi dags. 13. febrúar s.l. óskaði Efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE.

Álitsnefndin tók málið til umfjöllunar og gerir meðfylgjandi athugasemdir við frumvarpið.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda


Gunnar Sigurðsson
Faglegur framkvæmdastjóri FLE

Meðferð rekstrarkostnaðar tengdum hlutabréfaeign:

Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er fjallað um rekstrarkostnað sem gengur til öflunar, viðhalds og tryggingar á söluhagnaði hlutabréfa. Félagið telur ákvæði þetta bæði óljóst og illfrámkvæmanlegt í reynd. Annars vegar getur verið óljóst hvaða kostnað átt er við t.d. í rekstri fyrirtækjasamstæðu þar sem starfsemi móðurfélagsins felst m.a. í umsýslu, stjórnun og eftirliti með eignarhlutum í dótturfélögum og hins vegar er óljóst hvort átt er við að kostnaður skuli hlutfallast eftir öllum tekjum viðkomandi félags eða einungis tekjum af tiltekinni hlutabréfaeign þ.e. söluhagnaði og arðstekjum.

Meðferð söluhagnað og sölutaps af veltuhlutbréfum fjármálastofnana:

Sú skattfrámkvæmt hefur verið viðhöfð að fjármálastofnanir hafi gert upp hagnað og tap af sölu veltuhlutabréfa eftir svokallaðri lageraðferð. Ekki verður séð á frumvarpinu að verið sé að festa þá aðferð í sessi né fella hana niður. Mikilvægt er að fullljóst sé hvort sú aðferð muni gilda áfram eða ekki. Ef meiningin er að gera veigamikla breytingu frá núgildandi skattfrámkvæmd er mikilvægt að sú breyting sé skýrð með greinilegum hætti í umfjöllun um frumvarpið.

Sameignarfélög, samlagsfélög og einstaklingar í sjálfstæðum atvinnurekstri:

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins fellur frestunarheimild 5. mgr. 18. gr. núgildandi laga á brott. Ákvæði b. liðar 1. mgr. 2. gr. taka ekki til sameignarfélaga, samlagsfélaga og einstaklinga með sjálfstæða starfsemi sem njóta frestunarheimildar í núgildandi lögum. Þessi breyting yrði því íþyngjandi fyrir þessa aðila.